

Reglugerð um siðanefnd Þríþrautarsambands Íslands

1. gr.

Skipan siðanefndar

Siðanefnd samanstendur af 3 nefndarmönnum sem eru tilnefndir af forseta ÞRÍ og staðfestir af meirihluta stjórnar utan formanns sem er kjörinn á Þríþrautarþingi. Nefndin skiptir með sér verkum og velur sér formann. Æskilegt er að nefndarmenn sinni ekki öðrum stöðum innan ÞRÍ. Gæta skal að kynjahlutföllum og fjölbreytileika við skipan nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna vera lögfræðingur.

2. gr.

Hlutverk siðanefndar

Hlutverk siðanefndar eru:

1. Að vera félagsmönnum og sambandsaðilum til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál.
2. Að taka við og fjalla um erindi sem nefndinni berast um brot félagsmanna á siðareglum.
3. Að úrskurða um réttmæti erindis með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins.
4. Að sjá til þess að úrskurðum sé framfylgt.
5. Að skrifa skýrslu um störf sín fyrir þríþrautarþing
6. Endurskoða og leggja til tillögur um endurbætur á siðareglunum ÞRÍ.

3. gr.

Úrlausnir siðanefndar

Siðanefnd getur beitt eftirfarandi úrræðum við lausn mála

- Láta málið falla niður.
- Leita sátta málsaðila þar sem hægt er eða við á, meðal annars með beitingu sáttamiðlunar.
- Veita skrifleg viðvörðun við ákveðnu broti. (ef ekki er tekið mark á henni þá skal veita skriflega áminningu).
- Veita skriflega áminningu. (skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingi einu sinni).
- Leggja til tímabundið bann úr hluta eða öllu þríþrautarstarfi til stjórnar ÞRÍ.
- Leggja til varanlegt bann úr hluta eða öllu þríþrautarstarfi til stjórnar ÞRÍ.
- Vísa máli til yfirvalda eða annarra úrlausna, svo sem til samskiptaráðgjafa ÍSÍ.

Tilgangur allra úrræða er að leysa mál sem koma upp og gefa viðkomandi aðilum möguleika á að bæta sig ef hægt er. Alvarleika brota þarf siðanefnd að meta í hverju tilfalli og leggja til viðeigandi úrlausn eftir alvarleika. Fyrsti kostur siðanefndar er þó alltaf að leita sátta milli aðila málsins og skal nefndin leggja sig fram við að aðstoða málsaðila við að ná sáttum áður en gripið er til viðurhlutameiri úrræða, að gefinni þeirri forsendu að sáttumleitun og sáttamiðlun sé líkleg til árangurs.

Stjórn ÞRÍ skal taka mið af tillögum siðanefndar þegar stjórnin tekur íþyngjandi ákvörðun, svo sem um bönn.

4. gr.

Önnur ákvæði

Ef einhver verður þess áskynja að siðareglur ÞRÍ hafi verið brotnar af meðlim sambandsins eða sambandsaðila, innan eða utan þrjúprautarstarfs, getur hann vakið athygli á því með erindi til siðanefndar ÞRÍ. Rökstudda ábendingu um brot á siðareglum skal ætíð taka til athugunar. Niðurstaða slíkrar athugunar má aldrei bitna á þeim sem færir ásökunina fram og nafn þess sem kærir skal ekki gert opinbert. Tilhæfulausar ásakanir geta þó brotið önnur ákvæði siðareglna.

Siðanefnd sker úr um það hvort að siðareglur ÞRÍ hafi verið brotnar. Nefndin skal gefa félagsmanni sem er sakaður um brot á siðareglum færi á að skýra og verja mál sitt áður en nefndin tekur ákvörðun um niðurstöðu sína.